



# Barna Matseðill

Börn 12 ára og yngri

## Verð: 1.190.- kr.

Frítt fyrir 0-3 ára

(Með öðrum pöntunum, ef borðað er á staðnum)

1. Fiskur dagsins með kartöflum og salati

2. Kjúklingaleggir með kartöflum og salati

3. Lambasteik með kartöflum og salati

Tómatsósa fylgir öllum barnaréttum

4. Smá pizzur með skinku & osti og salati

5. Hamborgari með osti og franskar

6. Íspinni, sleikipinni eða epli í eftirrétt fyrir duglega krakka!

## Lagarfljóts-ormurinn.

Það bar til einu sinni í fornöld, að kona nokkur bjó á bæ einum í Héraðinu við Lagarfljót. Hún átti dóttur eina vaxna. Henni gaf hún gullhring.

Þá segir stúlkan: “***Hvernig get ég haft mest gagn af gullinu því arna, móðir mín?***”
“***Leggðu það undir lyngorm.***” segir konan.

Stúlkan tekur þá lyngorm og lætur gullið undir hann og leggur ofan í trafeskjur sínar. Liggur ormurinn þar nokkra daga. En þegar stúlkan fer að vitja um eskjurnar, er ormurinn svo stór orðinn, að eskjurnar eru farnar að gliðna í sundur. Verður stúlkan þá hrædd, þrífur eskjurnar og kastar þeim með öllu saman í fljótið.

Líða svo langir tímar, og fara menn nú að verða varir við orminn í fljótinu. Fór hann þá granda mönnum og skepnum, sem yfir fljótið fóru. Stundum teygðist hann upp á fljótsbakkana og gaus eitri ógurlega.

Þótti þetta horfa til hinna mestu vandræða, en enginn vissi ráð til að bæta úr þeim. Voru þá fengnir til Finnar tveir. Áttu þeir að drepa orminn og ná gullinu. Þeir steyptu sér í fljótið, en komu bráðum upp aftur. Sögðu Finnarnir, að hér væri við mikið ofurefli að eiga og væri ekki hægt að bana orminum eða ná gullinu. Sögðu þeir, að annar ormur væri undir gullinu og væri sá miklu verri en hinn. Bundu þeir þá orminn með tveimur böndum. Lögðu þeir annað fyrir aftan bægslin, en annað aftur við sporðinn.

Ormurinn getur því engum grandað, hvorki mönnum né skepnum, en við ber, að hann setur upp kryppu úr bakinu, og þykir það jafnan vita á stórtíðindi, þegar það sést, t.d. harðæri eða grasbrest.
Þeir, sem enga trú leggja á orm þennan, segja, að það sé froðusnakkur, og þykjast hafa sagnir um það, að prestur nokkur hafi ekki alls fyrir löngu róið þar þvert yfir, sem ormurinn sýndist vera, til að sanna með því sögu sína, að hann sé enginn.

*Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri (1862)*
*Þjóðsaga, ritstjóri Jón Árnason*

Hefur þú séð Lagarfljótsorminn?



ELDHÚSIÐ
RESTAURANT

# MENU FOR CHILDREN

FOR CHILDREN 0-12 YEARS

PRICE: 1.190.- KR.

CHILDREN 0-3 YEARS OF AGE FREE OF CHARGE

1. FISH OF THE DAY WITH POTATOES AND SALAD

2. CHICKEN DRUMSTICKS WITH POTATOES AND SALAD

3. LAMBSTEAK WITH POTATOES AND SALAD

KETCHUP INCLUDED IN ALL CHILDREN MEALS

4. MINI PIZZAS WITH HAM & CHEESE AND SALAD

5. HAMBURGER WITH CHEESE AND FRIES

6. ALL CHILDREN GET ICE CREAM, LOLLIPOP OR AN APPLE AFTER THE MEAL

## THE MONSTER OF LAGARFLJOT LAKE.

Once upon a time a woman lived on a farmstead in Hérað by the lake Lagarfljót. She had a small maiden and gave to her a ring of gold. The young maiden asked;
"***Oh mother! How can I prosper from this gold?***"
"***By covering it with a heather worm***," replied her mother.

The maiden found a heather worm, lay it on the ring and then hid it in her caskets. The worm guarded the gold for quite some days. When the girl came to look at her caskets the worm had grown so much they were about to burst. The young girl became so frightened she grabbed the caskets and threw them and all their contents into the lake.

Time passed and people soon became aware of the presence of the worm in the lake because it had taken to attacking and killing people and livestock by the lake. Sometimes it would stretch upon the shores of the lake and spew terrible poisonous fumes.

This caused great problems for the locals but no one knew how to stop it or trap. Finally the people decided to beg the assistance of two Finnish shamans. They were to kill the worm and retrieve the gold. The two of them dove into the depths of the lake but soon returned to the surface. They claimed the problem was quite overpowering and killing the worm and retrieving the gold was too great a feat. They maintained that another worm was guarding the gold from below and that it was much more hazardous.

They fastened the worm to the bottom of the lake with two great ropes. They fastened one behind its flippers but the other around its tail.

Since then the worm can harm no one, man nor beast, but occasionally it is said to have shot up its form and bare its tossing hump. Such appearances made a great impression and were considered to bode misfortune, such as the asperity of a cold season and grass failure. Those who do not believe in the existence of the worm say it is only a deception. They also claim to have truthful knowledge about the travels of a certain vicar who rowed his boat across where the worm supposedly rests, in order to prove the truthfulness of its nonexistence.

*Icelandic folklore, legends and fairytales (1862)*
*Edited by Jón Árnason*

HAVE YOU EVER SEEN THE MONSTER OF LAGARFLJÓT LAKE?

ELDHÚSIÐ
RESTAURANT